

Á árinu 2017 náði ég þeim árangri að verða Íslandsmeistari karla í tvíliðaleik ásamt því að hafna í öðru sæti í tvendarleik ásamt makker sem ég var að spila með í einungis annað skipti.

Ég náði að sigra í tvíliðaleik ásamt makkeri mínum á hverju einasta móti innan efstu mótarraðar Badmintonsambandsins og endaði árið í fyrsta sæti styrkleikalista sambandsins í tvíliðaleik.

Ég var valinn í landslið Íslands sem mun taka þátt á heimsmeistaramóti landsliða, Thomas & Uber Cup, sem að fram fer í Kazan, Rússlandi, í febrúar 2018.

Í apríl, 2017, vann ég allar greinarnar á mínu síðasta Íslandsmóti unglunga í flokki undir 19 ára og varð þar með þrefaldur Íslandsmeistari unglunga.

Ég tók þátt í þó nokkrum alþjóðlegum mótum á Íslandi, Noregi, Lettlandi, Litháen, Króatíu og Ítalíu. Stóð þar upp úr að ná í 8-liða úrslit í Lettlandi og á Íslandi sem að telst virkilega góður árangur miðað við ungan aldur.

Í lok árs var ég númer 253 á heimslistanum í tvíliðaleik eftir einungis fimm alþjóðleg mót, en 10 bestu mót einstaklings/pars mótar heildar stig hans á listanum. Því er augljóst að með auknu fjármagni og mótasók erlendis væri vel mögulegt að klífa heimslistann mikið hærra og stefna í efstu röð.